


Skák er skemmtileg

Fréttaskeyti Skákakademiunnar 1. tölublað 3. árgangur 15. september 2013



Oliver Aron Jóhannesson nemandi Rimaskóla og ungmennalandsliðsmaður.

Meðal efni blaðsins:

- Yfirheyrslan: Þorsteinn Þorsteinsson
- Viðtalið: Oliver Aron Jóhannesson
- Skákþrautakeppni

Við upphaf vertíðar

Skákkennsla Skákakademíunnar í skólum Reykjavíkur er nú komin á fullt skrið. Skákkennarahópurinn hefur sjaldan verið jafn vel skipaður og þar fer saman mikil reynsla og metnaður. Mest kenna þeir Björn Ívar Karlsson og Siguringi Sigurjónsson en samanlagt kenna þeir í um fimmtán skólum í hverri viku. Hinn vaska hóp skipa annars: Bragi Þorfinnsson, Gunnar Finnsson, Inga Birgisdóttir, Ingvar Þór Jóhannesson, Hrafn Jökulsson og Róbert Lagerman.

Nokkrir skólar borgarinnar búa svo vel að kennari eða starfsmaður við skólann er skákmaður. Má nefna Laugalækjarskóla þar sem stærðfræðikennarinn Svavar Viktorsson kennir skák í vali. Þegar líður á veturinn má gera ráð fyrir skákkennslu í um 33 grunnskólum borgarinnar sem telur alls 42 grunnskóla.

Fréttaskeyti Skákakademíunnar kemur nú út á nýjan leik eftir sumarfrí. Skeytið mun koma út annan hvern sunnudagsmorgun. Við efnistöð verður lögð áhersla á það skákstarf sem unnið er innan skólanna. Aukin heldur verður lögð áhersla á viðtöl og pistla af ýmsu tagi. Þá er efnt til skákþrautakeppni fram að jólum með veglegum vinningum. Í þessu blaði má m.a. finna viðtal við Oliver Aron Jóhannesson nemanda Rimsaskóla og einn efnilegasta skákmann landsins.

Nú í upphafi vertíðar er fjölmargt framundan í skákinni. Haustmót TR, Stórmeistaramót TR, Norðurlandamót skólasveita, æfingar taflfélaganna, námskeið Skákskólans, Íslandsmót skákfélaga, Evrópumót ungmenna í Svartfjallalandi, Evrópumót landsliða í Póllandi og fleira og fleira.

Leggjumst öll á árar og gerum þetta að góðum skákvetri!

Stefán Bergsson.

Æfingar að byrja í KR fyrir börn og ungmenni

Skákæfingar í KR fyrir börn og unglinga á grunnskólaaldri hefjast föstudaginn 20. september. Æfingarnar fara fram í skákherberginu í Frotaskjóli, á annarri hæð. Æfingarnar verða vikulega á föstudögum, og standa frá 17:40 – 18:40. Æfingarnar verða byggðar upp þannig að fyrst verður kennsla og verkefni og svo teflt. Skákdeild KR og Skákakademían standa að æfingunum eins og síðustu ár. Vel hefur verið mætt síðustu ár enda mikil skákkennsla í grunnskólum hverfisins.

Umsjónarmaður æfinganna er Stefán Bergsson en nokkrir þjálfarar koma að æfingunum.

Dagskrá fram að áramótum:

20. september Fyrsta skákæfingin, skráning.

27. september Æfing.

4. október Æfing.

11. október Frí.

18. október Haustmót hefst.

25. október Haustmóti lýkur.

1. nóvember Æfing.

8. nóvember Keppendur á Íslandsmót unglingasveita valdnir.

15. nóvember Síðasta æfing fyrir Íslandsmót.

16. nóvember Íslandsmót unglingasveita.

22. nóvember Æfing.

29. nóvember Æfing.

6. desember Fjöltefli skákmeistara.

13. desember Síðasta æfing fyrir jól. Góðir gestir líta í heimsókn með góðgæti og verðlaun veitt fyrir árangur og ástundun.

Nánari upplýsingar gefur Stefán í netfang stefan@skakakademia.is eða í síma 863-7562.

Yfirheyrslan: Þorsteinn Þorsteinsson Taflfélagi Vestmannaeyja



Kvöldverður með Cohen, Kasparov og páfanum í Róm!

Hver er hæsta stigatala þín og hvaða ár?

2332 elóstig í kringum aldamótin.

Hvenær byrjaðirðu að mæta á mót og hvar?

Ég er „einn af strákunum í TR“ og ég byrjaði í HTR 1971 á Grensásveginum. Þar var alltaf góð stemning og í minningunni voru þetta skemmtileg ár með mörgum eftirminnilegum karakterum. Eftir heimsmeistareinvígið 1972 varð svo algjör skáksprenging á Grensásveginum og stundum voru um 200 manns með á mótum þar. Á þessum árum var Hermann Ragnarsson (afi Dags Ragnarssonar) mentor okkar unglingana en svo tók Óli H. við af honum nokkrum árum seinna. Báðir mjög ötulir við þetta uppeldisstarf.

Uppáhalds litur?

Rauður. Það er engin tilviljun að rauði liturinn er í uppistaðan í vörumerkinu Coca Cola.

Hvernig matur gerir þig glaðan?

Ítalskur.

Hvaða drykk kanntu mest að meta?

Ég var nú mest fyrir léttvín fram eftir aldri en íslenska vatnið hefur tekið alveg yfir á síðustu árum.

Hver er uppáhalds höfundur þinn?

Leonard Cohen.

Hver er upphalds bíómyndin?

A Clockwork Orange

Hver er upphalds sjónvarpsþátturinn?

Sopranos, þar er strategísk snilld á ferðinni!

Áttu þér upphalds leikara?

Jack Nicholson.

Og leikkonu?

Meryl Streep.

Á hvernig tónlist hlustarðu?

Ég hlusta mest á prógressívt rokk og þungarokk. Þar má meðal annars nefna Pink Floyd, Jethro Tull, Cream og Led Zeppelin

Hvert er besta mótið á ferlinum?

Þegar ég varð Unglingameistari Íslands (undir 20 ára) árið 1977 á undan Jóhanni Hjartarsyni og Karli Þorsteins. 5-6 sætið í Rilton Cup 1988/1989 stendur einnig upp úr

Hver er besta skákin á ferlinum?

Á móti IM Widenkeller á Rilton Cup 1988/1989

(606905) Widenkeller, Michael (2415) - Thorsteinsson, Thorsteinn (2290) [D63]

Rilton Cup 18th Stockholm, 1988

1.d4 d5 2.c4 e6 3.Nc3 Nf6 4.Bg5 Nbd7 5.e3 Be7 6.Nf3 0-0 7.Rc1 a6 8.c5 c6 9.Bd3 e5 10.Bxf6 Bxf6 11.dxe5 Be7 12.Qc2 h6 13.Na4 Qc7 14.Qc3 Re8 15.Bb1 Bd8 16.Qc2 g6 17.h4 h5 18.Nd4 Qxe5 19.Rd1 Qf6 20.Qc3 Ne5 21.Rd2 Nc4 22.Re2 Ba5 23.b4 Bc7 24.Bd3 Ne5 25.Rd2 Ng4 26.Nf3 Nxe3 27.fxe3 Rxe3+ 28.Kf2 d4 29.Qc2 Bg4 30.Qd1 Qf4 31.Be2 Rae8 32.Nb2 Qg3+ 33.Kf1 Bxf3 34.gxf3 Rxe2 35.Rxe2 Qxf3+ 0-1

Hver er upphalds skákmaður þinn í sögunni?

Alexander Alekhine.

Hvaða skákbók hefur haft mest áhrif á þig?

Chess for Tigers með Simon Webb frá 1978. Þetta er ekki skákbók í venjulegum skilningi þess orðs heldur fjallar bókin mest um það hvernig maður að nálgast viðfangsefnið að tefla á praktískan hátt – smé!

Sumir hafa spurt mig hvað þetta smé þýðir og það er ekki auðvelt að skýra það út. Ég byrjaði að nota það á Svíþjóðarárurum mínum upp úr 1990 og notaði það yfirleitt til að lýsa jákvæðum hughrifum, eins og t.d. góðri stöðu eða þá óvæntri fórn sem stóðst. Þetta er eiginlega notað eins og Ólafur Stefánsson notaði bíbbið sitt í frægu viðtali forðum.

Í hverju eru skákmenn góðir?

Að skilja kjarnann frá hisminu.

Hefurðu einhverja hjátrú varðandi taflmennsku?

Notast oft við sama pennann ef mér gengur vel en skipti honum strax út við tap.

Hvað land er mesta skáklandið í heimi og af hverju?

Rússland. Þar er skákin svo rótgróin í menningu landsins.

Hver eða hvað værirðu til í að vera værir þú ekki þú sjálfur?

Það er léttur rokkhundur í mér þannig að ég gæti vel hugsað mér að vera söngvari í „þéttfrægu“ rokkbandi.

Með hvaða þremur einstaklingum værirðu til í að snæða kvöldverð með?

Leonard Cohen, Garry Kasparov og páfanum í Róm.

Hvað er það besta sem hefur verið sagt um skák?

Skákin er harður skóli. Mér finnst þessi setning segja allt um skák enda er ekki nóg að vera með unnið eins og margir hafa brennt sig á og til þess að verða góður skákmaður þarf maður að leggja á sig ómælda vinnu – það kostar!

Hver er besti skákmaður Íslands?

Þetta er spurning um Friðrik Ólafsson eða Jóhann Hjartarson. Sjálfum finnst mér Friðrik hafa náð örlítið lengra en Jóhann en það er varla sjónarmunur þar á.

Hver er fallegasta skákkona heims?

Fegurð er afstæð og margslungið fyrirbæri.

Áttu skemmtilega skáksögu handa lesendum að lokum?

Hér er af mörgu taka en þessi saga kemur fyrst upp í hugann. Í kringum 1990 tók ég þátt í sterku hraðskákmóti í Stokkhólmi. Mér hafði gengið vel á mótinu og m.a. lagt rússneska stórmeistarann Nukhim Rashkovsky (2515) að velli. Ég var að tefla

við sænska Fidemeistarann Carl Magnus Björk (2334) í næstsíðustu umferð og staðan var mjög tvísýn. Þá vakti hann upp drottningu en viti menn hann greip drottningu í mínum lit og setti hana inn á uppkomureitinn. Ég lét eins og ekkert hefði í skorist þar til hann ætlaði í næsta leik að fara að leika drottningunni en þá sagði ég honum að láta mína drottningu vera! Hann áttaði sig strax á mistökunum og gafst upp. Þetta er með undarlegri uppákomum sem ég hef lent í um dagana og líklegast hefði ég átt að krefjast vinnings vegna ólöglegs leik þegar hann vakti upp drottningu í röngum lit ef mið er tekið af reglunum í dag.


Skákþrautakeppni!

Ein erfið skákþraut birtist í hverju tölublaði Fréttaskeytisins fram að jólum og á Þorláksmessu verður dregið úr réttum svörum. Fyrir hverja rétta þraut senda inn fær sendandi einn miða í hattinn svo það er um að gera að svara sem oftast til að auka möguleika sína. Í verðlaun er m.a. ostakarfa, konfekt og skákbækur frá Skákbókasölu Hafnarfjarðar.


Svör skal senda á skakakademia@skakakademia.is

Umsjónarmaður þrautanna er Björn Ívar Karlsson.

Hvítur á leik. Finnið framhald sem tryggir hvítum vinningsstöðu.



Oliver Aron: Sigræði á meistaramóti Hellis



Á 47 bikara!

Oliver Aron Jóhannesson er 15 ára gamall nemandi Rimaskóla og félagi í Skákdeild Fjölnis. Hann hefur í mörg ár teflt með sigursælli skáksveit skólans og teflir nú um helgina á Norðurlandamóti grunnskólasveita sem fram fer í Noregi. Oliver stundar skákina af miklu kappi og er afar duglegur við æfingar. Hann sækir einkatíma hjá úrvals þjálfurum og leggur einnig hart að sér sjálfur við stúderingar. Hann hefur uppskorið ríkulega síðustu misserin og sigraði nýlega á Meistaramóti Hellis þar sem hann fór taplaus gegnum mótið. Í þessu stutta viðtali kemur metnaður Olivers vel fram og teflir hann á mörgum mótum í vetur, en finnst að enn fleiri kappskákmót gætu verið á Íslandi. Fréttaskeytið tók Oliver tali rétt áður en hann fór á sinn síðasta liðsfund fyrir NM með félögum sínum í Rimaskóla.

Hvað varstu gamall þegar þú byrjaðir að tefla? Ég byrjaði að tefla í mótum 7-8 ára.

Hver kenndi þér að tefla? Pabbi og afi kenndu mér að tefla.

Hvenær og á hvaða móti tefldirðu fyrst? Fyrsta mótið sem ég tefldi á hefur líklega verið eitthvað skólamót í Rimaskóla.

Hvað var fyrsta mótið sem þú vannst? Ég vann u-8 ára flokkinn á Íslandsmóti barna.

Hvað áttu marga verðlaunapeninga fyrir skák, svona um það bil? Ég á um það bil 50 verðlaunapeninga.

Hvað áttu marga bikara? 47.

Hvað hefurðu farið oft til útlanda að tefla? Svona um það bil 8-10 sinnum.

Kom sigurinn á Meistaramóti Hellis þér á óvart? Aðeins, það voru margir sterkir keppendur með en ég vissi að ég gæti unnið ef ég tefldi vel.

Hvað áttu margar skákbækur? 30.

Hvaða skáktölvuforrit notarðu? Chessbase og Houdini.

Hvað æfirðu þig marga tíma á viku heima? Átta til tíu tíma.

Hvort notarðu bækur eða tölvuna meir þegar þú stúderar? Tölvuna aðeins meir.

Hverjir hafa verið að þjálf þig á síðustu mánuðum? Hjörvar Steinn, Helgi Ólafsson og Stefán Kristjánsson.

Hversu marga klukkutíma á viku ertu í skákþjálfun hjá þjálfara? Tvo til fjóra klukkutíma.

Hver er uppáhalds þjálfarinn þinn af þeim sem þú hefur haft í gegnum árin? Hjörvar Steinn.

Hvaða markmið áttu þér í skákinni? Að verða stórmeistari.

Hver er uppáhaldsskákmaðurinn þinn? Kasparov.

Hver er uppáhalds íslenski skákmaðurinn þinn? Hjörvar Steinn.

Á hvaða mótum muntu tefla í vetur? Haustmóti TR, London Classic, Skákþing Reykjavíkur, Íslandsmót skákfélaga og eflaust einhver fleiri kappskákmót og svo fullt af hrað- og atskákmótum. Það mætti samt vera enn fleiri mót á Íslandi til að hækka á stigum.

Hver er uppáhaldsskákbókin þín? The Kaufman repertoire for black and white.

Hverjir hafa stutt þig mest á skákferlinum? Foreldrar mínir og Helgi Árnason.

Hver er uppáhalssbyrjunin þín? Sikileyjarvörn.

Hvaða skákbækur hefurðu mest verið að skoða undanfarið? Winning with the Najdorf eftir Zaven Andriasyan, Playing 1. d4 bækurnar eftir Lars Schandorff og The Kaufman repertoire for black and white eftir Larry Kaufman.

Með hvaða liði heldurðu í enska? United.

Hver er uppáhaldsmaturinn? Sushi.

Önnur áhugamál en skák? Fótbolti.

Efni næsta blaðs

- Ítarlegt viðtal við alþjóðlega meistarann Guðmund Kjartansson um Spánarför hans en Guðmundur er nýkominn úr 80 daga skákferðalagi.
- Spáð í spilin fyrir Íslandsmót skákfélaga.
- Greint frá gangi mála á Haustmóti Taflfélags Reykjavíkur.